



FERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA

**Starfsáætlun
Hættumerki
Beiðni**




FORKÖNNUN

1. Stjórnendur stjórnsýsluviðs ákveða forkönnun með samþykki ríkisendurskoðanda. Úttektaraðilar ákveðnir. Forkönnunarbréf sent til ráðuneytis/stofnunar.
2. Úttektaraðilar meta ávinning af aðalúttekt og skila stjórnendum sviðsins stuttu minnisblaði þar um.
3. Stjórnendur og ríkisendurskoðandi ákveða framhaldið:
 - 3a. Forkönnun leiðir í ljós að aðalúttekt er ekki fýsileg. Ráðuneyti/stofnun eru upplýst um niðurstöðuna eða gefin er út stutt skýrsla með helstu niðurstöðum og ábendingum sem forkönnun leiddi í ljós.
 - 3b. Úttekt er frestað ef hún er ekki talin tímabær. Ráðuneyti/stofnun upplýst um niðurstöðuna.
 - 3c. Forkönnun leiðir í ljós að fýsilegt sé að hefja aðalúttekt. Endurskoðunaráætlun staðfest. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið úttekta, úttektarspurningar, tíma-fjöldi úttekta og hvenær henni skuli vera lokið. Ráðuneyti/stofnun send tilkynning um að aðalúttekt sé hafin.



AÐALÚTTEKT

- 4-10. Á vinnslutíma fara úttektaraðilar reglulega yfir úttektarvinnu og skýrsludrög með stjórnendum sviðsins.
4. Gagnaöflun, úrvinnsla og skýrslugerð. Unnið eins samhlíða og mögulegt er.
5. Helstu niðurstöður, ábendingar og uppbygging skýrslu settar fram í minnisblaði. Rætt á fundi úttektaraðila, rýnihóps og stjórnenda sviðsins. Aðeins fyrir úttektir sem eru áætlaðar 1.000 tíma og yfir.
6. Úttektaraðilar gera skýrsludrög tilbúin til gæðarýni innanhúss.
7. Rýnihópur og upplýsingafulltrúi fara yfir skýrsludrög. Drögin rædd á rýnifundi með þeim, úttektaraðilum og stjórnendum sviðsins.
8. Úttektaraðilar meta athugasemdir sem fram koma við gæðarýni og búa drögin til umsagnar utanhúss. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja drögin til umsagnar utanhúss.
9. Drög að skýrslu eru send stofnun/ráðuneyti með beiðni um skriflegar athugasemdir og viðbrögð við ábendingum innan tiltekins tíma.
10. Úttektaraðilar meta athugasemdir umsagnaraðila og búa skýrsluna til útgáfu í samráði við stjórnendur sviðsins og upplýsingafulltrúa.
11. Sviðsstjóri og ríkisendurskoðandi samþykkja endanlega skýrslu til útgáfu. Upplýsingafulltrúi útbýr frétt og fréttatilkynningu.
12. Skýrsla birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar og send Alþingi og viðkomandi ráðuneyti/stofnun.
13. Endurmat úttekta. Úttektaraðilar og stjórnendur sviðsins fara yfir framgang verkefnis, hvað gekk vel og hvað miður og hvaða lærdóm má draga af henni.



EFTIRFYLGNI

14. Athugun á viðbrögðum við ábendingum skýrslu (eftirfylgni) fer fram eigi síðar en þremur árum eftir útgáfu hennar. Viðkomandi stofnun/ráðuneyti fá fyrirspurn um afdrif ábendinganna.
15. Skýrsla um eftirfylgni send til umsagnar og síðan gefin út á heimasíðu Ríkisendurskoðunar og send Alþingi og viðkomandi ráðuneyti/stofnun.